

**3392. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 13. nóvember 2019 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolffson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolffson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019**

230. mál til umsagnar - frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður).  
66. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).  
328. mál til umsagnar - frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (neyslurými).  
317. mál til umsagnar - frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.).

*Lagt fram.*

*Bæjarráð mun skila jákvæðri umsögn varðandi mál nr. 66, frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).*

**2. 1908314 - Rekstur og umsjón Bíóhallarinnar - útboð**

Samningur um rekstur og umsjón Bíóhallarinnar.

*Bæjarráð samþykkir samning Akraneskaupstaðar og Vínna Hallarinnar ehf. um rekstur og umsjón Bíóhallarinnar sem er í samræmi við úboðsgögn frá því í ágúst síðastliðnum.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá undirritun samningsins.*

**3. 1910129 - Leikskólar Akraneskaupstaðar - ósk um samráðsfund vegna starfskjara**

Ítrekun leikskólakennara um erindi þeirra varðandi starfskjör.

*Lagt fram.*

*Málið verður unnið áfram í samvinnu við skóla- og frístundaráð og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.*

**4. 1910189 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - viðbótarframlag eigenda**

Beiðni Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um viðbótarframlag eigenda vegna fyrirsjáanlegs halla á yfirstandandi rekstrarári.

Erindið er lagt fyrir að nýju til uppfyllingar reglna Akraneskaupstaðar um gerð viðauka við fjárhagsáætlun.

SFA  
ELA.

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 15 vegna viðbótarframlags til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á árinu 2019 að fjárhæð kr. 5.998.000 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.*

*Útgjöldin verða færð á lið 03220-5946 og er mætt með lækkun á handbæru fé.*

**5. 1903285 - Reglur um styrk til heilsueflingar**

Bæjarráð samþykkir í umboði bæjarstjórnar breytingar á reglum um heilsueflingu starfsmanna Akraneskaupstaðar á fundi sínum þann 27. júní síðastliðinn. Reglurnar áttu að taka formlegt gildi þann 1. janúar 2020.

*Bæjarráð samþykkir að fresta gildistöku nýrra reglna um heilsueflingarstyrki fyrir starfsmenn Akraneskaupstaðar þar sem ekki er fjárhagslegt rými í fjárhagsáætlun 2020 til þeirra breytinga sem að var stefnt. Gildistaka reglnanna verður tekin upp í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.*

**6. 1910226 - Gamla Kaupfélagið - tækifærisleyfi vegna viðburðar sem fer fram 26. desember næstkomandi.**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Veislur og viðburðir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga og umsagnarbeiðni vegna viðburðar sem fer fram annan í 26. desember næstkoman á Gamla kaupfélaginu, Kirkjubraut 11, Akranesi 26. desember 2019.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að viðburðurinn standi til kl. 04:00 aðfaranótt 27. desember næstkomandi.*

**7. 1910227 - Gamla Kaupfélagið - tækifærisleyfi vegna "Áramótaskemmtunar"**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsókn Veislur og viðburðir ehf um tækifærisleyfi til áfengisveitinga og umsagnarbeiðni vegna "Áramótaskemmtunar" sem halda á í Gamla kaupfélaginu, Kirkjubraut 11, Akranesi 1. janúar 2020.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að viðburðurinn standi til kl. 04:00 aðfaranótt 1. janúar næstkomandi.*

**9. 1901365 - Endurskinsmerki**

Tillaga um samstarf við ÍA um endurskinsmerki.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna að fjárhæð kr. 500.000 vegna samstarfsverkefnis við Íþróttabandalag Akraness (ÍA) sem felst í sameiginlegum kaupum á endurskinsmerkjum sem gefin verða til allra barna á Akranesi. Heildarkostnaður verkefnisins er 1 mkr. sem skiptist á milli Akraneskaupstaðar og ÍA. Endurskinsmerkin verða merkt Akraneskaupstað og ÍA.*

*Fjármununum verður ráðstafað af liðnum 20830-4995 og gjaldfærðir á liðinn 0689-5948.*

**10. 1911025 - Fjólulundur 3 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Orra Jónssonar og Telmu Bjarkar Helgadóttur um byggingarlóð við Fjólulund 3.

Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar við Fjólulund 3 til umsækjanda.*

**11. 1811202 - Höfði - sviðsmyndagreining rekstrarforma**

Jóhann Þórðarson gerir grein fyrir stöðu vinnu sviðsmyndagreiningar vegna mögulegra breytinga á rekstrarformi heimilisins.

*Bæjarráð samþykkir að fela Jóhanni Þórðarsyni að vinna frekari sviðsmyndagreiningu í samstarfi við bæjarstjóra.*

**12. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir**

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs gerir grein fyrir stöðu framkvæmdanna.

*Bæjarráð þakkar Sigurði Páli Harðarsyni fyrir veittar upplýsingar.*

**13. 1911051 - Úthlutun rað- og parhúsalóða við Fagralund**

Úthlutun lóða við Fagralund.

*Bæjarráð telur ekki þörf á að halda opinn kynningarfund.*

*Bæjarráð samþykkir með vísan til reglna um úthlutun lóða sbr. grein 2.3 að úthlutun lóða við Fagralund fari fram með útdrætti. Bæjarráð felur skipulags- og umhverfissviði frekari úrvinnslu málsins.*

*Gert er ráð fyrir að úthlutun fari fram síðar á þessu ári.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

*Eisa Lára Amadóttir.*

*Valgerður S. Jónsdóttir*

*Rannveiguney*

*Stein frá Kópavogi*

*Steinar Þórhallur*